



# Upplýsingar fyrir foreldra um leikskóla í Kópavogi

## Leikskólinn er fyrsta skólastigið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskóli annast að ósk forráðamanna uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þar til börnin hefja grunnskólagöngu árið sem þau verða sex ára.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla en mennta- og menningarmálaráðuneyti gefur út aðalnámskrá fyrir leikskólastarf og sér um mat á því.

Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú.

### Samkvæmt lögum um leikskóla skulu meginmarkmið uppeldis og kennslu vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við forráðamenn
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.



## Leikskólar Kópavogs

Kópavogsbær rekur 19 leikskóla, auk þess eru 2 þjónustureknir og 2 einkareknir leikskólar í bæjarfélaginu.

Yfirlit yfir leikskólanna eru á heimasíðu bæjarins, <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/leikskolar>

Til að eiga möguleika á leikskóladvöl hjá Kópavogsbæ þurfa forráðamenn að eiga lögheimili í bæjarfélaginu. Sótt er um í þjónustugátt bæjarins <https://thjonustugatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fMyCases.aspx>. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, sími: 441 0000.

Forráðamenn merkja við einn leikskóla sem aðalumsókn og við allt að fjóra til vara. Börnum er almennt boðin dvöl í þeim leikskólum sem sótt er um í. Börn raðast á biðlista eftir aldri en ekki eftir umsóknardegi og er sérstakur biðlisti fyrir hvern leikskóla. Aðalúthlutunartími leikskólarýma er að vori og hausti. Breytilegt er á milli ára hversu ung börn eru tekin inn í leikskóla. Innritunarfylltrúi er með símatíma frá kl. 11:00-12:00 alla virka daga nema miðvikudaga.



Upplýsingar um gjaldskrá leikskóla eru á heimasíðu bæjarins <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/leikskolar>, upphæð leikskólagjalda ræðst af dvalartíma barnsins. Kópavogsbær niðurgreiðir öll leikskólagjöld.

Í leikskólagjöldum er innifalið; nám og umönnun barnsins, morgunhressing, hádegismatur og eftirmiðdagshressing, og stuðningur eða sérkennsla ef með þarf.

Ekki er gerð krafa um búsetu í Kópavogi vegna leikskólavistar í einkareknum leikskólum. Umsókn um dvöl þar skal beina til leikskólastjóra þeirra, sem gefa einnig upplýsingar um leikskólagjöldin. Kópavogsbær niðurgreiðir gjöldin í einkareknum leikskólum.

Starfsmenn leikskóladeildar annast eftirlit með öllum leikskólunum og faglega stefnumótun í þeim leikskólum sem Kópavogur rekur.

Leikskólar Kópavogs eru opnir frá kl. 07:30-16:30, forráðamenn semja um daglegan vistunartíma við leikskólastjóra. Dvalartíminn getur verið frá 4-9 klst. á dag.

Dvalarsamningur er gerður á milli leikskóla og forráðamanna þegar barnið byrjar í leikskólanum. Gagnkvæmur uppsagnarfræstur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Með undirritun dvalarsamnings staðfesta forráðamenn að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og reglur um leikskólaþjónustu. Skuldi forráðamenn þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.

Í leikskólanum er lögð rík áhersla á að byggja upp gott samstarf við alla forráðamenn með velferð barnsins og barnahópsins að leiðarljósi. Stofnað er til samstarfsins á jafnréttisgrundvelli þar sem forráðamenn eru sérfræðingar í málefnum barna sinna og leikskólakennarar sérfræðingar í námsumhverfi ungra barna. Styrkleiki hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum hópi forráðamanna en margar leiðir má fara til að virkja þann kraft í samstarfi leikskóla og fjölskyldna. Í hverjum leikskóla er kosið foreldraráð og foreldrafélag.

Allir leikskólar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá. Þeir hafa hins vegar ákveðið svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða og hafa ólíkar áherslur í faglegu starfi. Nám í leikskóla fer fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Allir leikskólar gera skólanámskrá. Árlega ber leikskólum að gera starfsáætlun, foreldraráð er umsagnaraðili skólanámskrár og starfsáætlunar og ber leikskólanefnd að staðfesta þær.

Gert er ráð fyrir aðlögunartíma þegar barnið byrjar í leikskóla og að forráðamenn fylgi barninu fyrstu skrefin í nýju umhverfi í samræmi við reglur hvers leikskóla. Leitað er til tülkaþjónustu ef forráðamenn tala ekki íslensku eða nota táknmál.

Leikskólanum ber að leggja grunn að íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku og kynna þeim íslenskt samfélag. Einnig er leikskólanum ætlað að styðja og styrkja forráðamenn til að nota og viðhalda móðurmáli barnanna og virða menningarlegan uppruna þeirra.

Leikskólar Kópavogs eru lokaðir vegna sumarleyfa í fjórar vikur á hverju sumri. Forráðamenn hafa áhrif á tímasetningu sumarlokunar með þátttöku í skoðunarkönnum sem gerð er meðal forráðamanna og starfmanna leikskólans.

Leikskólarnir eru lokaðir í fimm virka daga á ári vegna skipulagsdaga starfsfólks. Fjórða hvert ár getur leikskólastjóri sótt um auka skipulagsdag í tengslum við námsferðir erlendis.

Leikskólar Kópavogs eru lokaðir á lögbundnum frídögum.

## Dagforeldrar

Hægt er að fá vistun fyrir börn frá 6 mánaða aldri hjá dagforeldrum. Þeir eru sjálfstætt starfandi, en Kópavogsbær sér um leyfisveitingar og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi auk ráðgjafar til dagforeldra og forráðamanna. Dagforeldrar sjá sjálfir um skráningu og innritun barna og gefa upplýsingar um dagvistunargjöld. Kópavogsbær greiðir framlag með börnum hjá dagforeldrum. Upplýsingar um dagforeldra og reglur um starfsemi þeirra eru á heimasíðu Kópavogsbæjar, <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/dagforeldrar>

